

Reykjavík, 15. nóvember 2018

Efni: Frumvarp til nýrra umferðarlaga (219. mál)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarp til nýrra umferðarlaga. Viðskiptaráð sendi á fyrri stigum málsins samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu umsögn um málið þann 10. ágúst síðastliðinn. Viðskiptaráð fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á frumvarpinu í kjölfar umsagnarinnar. Með þeim var stigið mikilvægt skref í átt til framtíðar með því að gera ráð fyrir tæknibreytingum sem fyrirséðar eru á næstu árum og áratugum en nýmæli í 76. gr. laganna heimilar prófanir á sjálfkeyrandi ökutækjum á Íslandi. Viðskiptaráð vill þó ítreka nokkur atriði úr fyrri umsögn sinni sem ráðið telur að taka hefði átt tillit til áður en frumvarpið kom til kasta þingsins.

Takmörkun umferðar – vanhugsuð leið að vænu markmiði

Í 85. gr. frumvarpsins er sveitarstjórnnum og Vegagerðinni veitt heimild til að takmarka eða banna umferð véknúinna ökutækja um stundarsakir á vegi eða svæði þegar mengun er yfir heilsufarsmörkum eða hætta er talin á að svo verði. Þá er heimilt að takmarka almenna umferð með því að heimila tilteknum bifreiðum akstur á ákveðnum svæðum eftir oddatölu/jafnri endatölu eða sambærilegum endabókstaf skráningarmarkja.

Viðskiptaráð fagnar því að horft sé til heilsuverndar í umferðarlögum en gerir athugasemdir við útfærsluna. Í rannsókn einni er bent á að þessi nálgun hafi ekki endilega tilætluð áhrif, nefnilega að stuðla að því að mengun fari undir heilsufarsmörk, heldur gæti við tiltekna aðstæður haft öfug áhrif.¹

Önnur leið að þessu markmiði væri notkun rafræna tollahliða (e. cordon road pricing), og rafrænni gjaldtöku fyrir ekna kílómetra til að draga bæði úr mengun og umferð á annatíma, eins og Viðskiptaráð benti á í fyrri umsögn sinni um málið.² Slíkar lausnir hvetja fólk ýmist til að fækka ferðum, stytta þær eða velja aðra ferðamáta þegar gjaldið er hærra. Reynsla Mílanóborgar og Stokkhólms af gjaldtöku sem þessari sýndi fram á minni loftmengun, með tilheyrandi ábata fyrir samfélagið allt.³

Að öðru leyti vísar Viðskiptaráð til fyrri umsagnar sinnar um málið, og hvetur jafnframt til þess að framsýn sjónarmið verði í hávegum höfð við endurskoðun frumvarpsins svo tryggt sé að íslensk löggjöf verði ekki eftirbátur tækninnar og dragist aftur úr löggjöf þeirra landa sem Ísland ber sig saman við.

¹ [The Effects of License Plate-Based Driving Restrictions on Air quality: Theory and Empirical Evidence](#)

² Umsögn Viðskiptaráðs Íslands um frumvarp til nýrra umferðarlaga:
https://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/umsagnir/2017-2018/2018_08_23_ny_umferdarlog_umsogn.pdf

³ [The effects of road pricing on driver behaviour and air pollution; The Stockholm congestion charges: an overview.](#)

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpinu verði breytt í samræmi við þær athugasemdir, tillögur og ábendingar sem hér koma fram. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum, sé þess óskað, á fundi þingnefndar.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands